

# Ný stjórn HÍN

Ný stjórn HÍN var kosin á aðalfundi félagsins laugardaginn 27. febrúar síðastliðinn Stjórnina mynda Árni Hjartarson formaður (Íslenskum orkurannsóknnum, Reykjavík), Esther Ruth Guðmundsdóttir varaformaður (Jarðvísindastofnun Háskólans, Reykjavík), Hilmar J. Malmquist ritari (Náttúrufræðistofu Kópavogs, Kópavogi), Kristinn J. Albertsson gjaldkeri (Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri), Jóhann Þórsson meðstjórnandi og félagsvörður (Landgræðslu ríkisins, Hellu), Rannveig Guicharnaud meðstjórnandi og fulltrúi stjórnar í ritstjórn Náttúrufræðingsins (Landbúnaðarháskóla Íslands, Reykjavík) og Ester Ýr Jónsdóttir meðstjórnandi og fræðlustjóri (Fjölbrautaskóla Suðurlands, Selfossi).

Á aðalfundinum létu af störfum þrír stjórnarmenn sem sinnt hafa félaginu dyggilega um langa hríð. Þetta voru Kristín Svavarsdóttir, fráfarandi formaður, Droplaug Ólafsdóttir og Helgi Guðmundsson. Kristín gegndi formannsstarfinu í átta ár, sem er þriðja lengsta formannsseta í sögu félagsins. Einungis Bjarni Sæmundsson og Freysteinn Sigurðsson hafa gegnt formannsembættinu lengur en Kristín, Bjarni í 35 ár og Freysteinn í 11 ár. Droplaug og Helgi lögðu einnig sitt af mörkum til félagsins með langri þjónustu – Droplaug í átta ár og Helgi í tæp 20 ár! Ritari félagsins þakkaði þremenningunum fyrir ötult og vandað starf og færði þeim í þakkarskyni í nafni félagsins blómavönd og smágjöf.

## Munið – Náttúrufræðingurinn er á netinu!

Á slóðinni [tumarit.is](http://tumarit.is) má finna Náttúrufræðinginn fram að 72. árgangi.

Hið íslenska náttúrufræðifélag  
Afgreiðsla: Náttúrufræðistofa Kópavogs, Hamraborg 6a, 200 Kópavogur  
Sími: 570 0433  
Netfang: [hin@hin.is](mailto:hin@hin.is)  
Heimasíða: [hin.is](http://hin.is)  
Ábm. og ritstj. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist, ritari HÍN



## Félagsbréf

2. tölublað

Október 2010

35. árgangur

## Komur hvítabjarna til Íslands

Dr. Þorsteinn Sæmundsson, jarðfræðingur og forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra, flytur næsta fræðsluerindi HÍN sem er á **mánudaginn 25. október kl. 17:15, í stofu 132, Öskju**, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Erindi Þorsteins nefnist *Komur hvítabjarna til Íslands á undanförunum árum. Hvernig brugðumst við þeim? Hvað höfum við lært?*

**Aðgangur að fræðsluerindum HÍN er ókeypis og öllum heimill.**

Ágrip af erindi dr. Þorsteins Sæmundssonar.

„Í júnímánuði árið 2008 gengu tveir hvítabirnir á land í Skagafirði og sá þriðji gekk á land í Þistilfirði í janúar árið 2010. Sá fyrri sem gekk á land í Skagafirði sást fyrst við Miðmundarfjall við Þverárfjallsveg þann 3. júní og sá síðari þann 16. júní við bæinn Hraun II á utanverðum Skaga. Hvítabjörninn sem gekk á land í Þistilfirði sást fyrst við bæinn Sævarland 27. janúar. Í öllum þessum tilfellum voru birnirnir í miklu návígi við fólk. Þessar hvítabjarnarkomur vöktu mikla athygli og oft hörd viðbrögð bæði innanlands og utan, kannski ekki síst vegna þess að dýrin voru öll felld. Rétt um 20 ár voru liðin síðan hvítabjörn gekk síðast á land á Íslandi í Haganesvík í Fljóttum í Skagafirði árið 1988. Sá björn var einnig felldur.

# Fræðsluerindi HÍN 2010–2011

Frá því að fyrsti hvítabjörninn kom á land árið 2008 hefur farið fram mikil umræða á Íslandi um viðbrögð vegna komu þeirra og hvernig við eigum að bregðast við. Í því máli eru mjög skiptar skoðanir. Umhverfisráðherra skipaði starfshóp sem fór yfir viðbrögð vegna landgöngu hvítabjarna fljótlega eftir að síðari björninn kom til landsins 2008. Niðurstaða starfshópsins, sem byggð er á áliti 16 innlendra og erlendra sérfræðinga á sviði hvítabjarnarfræða, er að skynsamlegast sé að fella þá hvítabirni sem til landsins koma miðað við öryggis-sjónarmið, stofnstærðarsjónarmið og kostnað við björgunaraðgerðir. Í dag eru í gildi lög frá árinu 1994 þar sem hvítabirnir eru friðaðir á Íslandi og er lagt bann við veiðum á hvítabjörnum á sundi eða á hafís. Heimilt er þó í þeim lögum að fella hvítabirni ef þeir ógna fólki eða búfénaði. Til þess að framfylgja niðurstöðu starfshópsins þarf því að breyta lögnum.

Í fyrirlestrinum mun Þorsteinn fara yfir atburðarásina í tengslum við komu hvítabjarnanna til landsins og aðkomu starfsmanna Náttúrustofu Norðurlands vestra að henni. Hann mun einnig fjalla um ástand hvítabjarnanna og velta upp nokkrum spurningum um framtíð þessara mála hér á landi.“

Þorsteinn Sæmundsson er fæddur í Reykjavík árið 1963. Hann lauk B.S. námi og 4-árs prófi í jarðfræði frá Háskóla Ísland árið 1988. Árið 1992 lauk hann Fil.lic. prófi í ísaldarjarðfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og Fil.Dr. prófi í ísaldarjarðfræði frá sama háskóla árið 1995. Frá 1995 til 1999 vann Þorsteinn sem sérfræðingur á snjóflóðadeild Veðurstofu Íslands, en frá árinu 2000 hefur hann starfað sem forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Rannsóknir Þorsteins hafa spannað hin ýmsu fræðasvið og má þar nefna rannsóknir á ofanflóðum, ísaldarjarðfræði landsins og sífreramyndunum á Íslandi.

Dagskrá fræðsluerinda á vegum HÍN veturinn 2010–2011 er eftirfarandi:

**Mánudaginn 27. september 2010.** Dr. Rannveig Anna Guicharnaud, jarðvegsfræðingur og lektor hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. *Flúorvöktun í gróðri og jarðvegi í tengslum við eldgosið í Eyjafjallajökli.*

**Mánudaginn 25. október 2010.** Dr. Þorsteinn Sæmundsson, jarðfræðingur og forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra. *Komur hvítabjarna til Íslands á undanförunum árum. Hvernig brugðumst við þeim? Hvað höfum við lært?*

**Mánudaginn 29. nóvember 2010.** Dr. Sigurður H. Magnússon, plöntuvistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. *Lúpína og skógarkerfill - ágengar tegundir á Íslandi.*

**Mánudaginn 31. janúar 2011.** Jón Már Halldórsson, M.Sc. líffræðingur hjá Fiskistofu. *Ussuriland - hin rússneska Amazon.*

**Mánudaginn 28. febrúar 2011.** Dr. Bergrún Arna Óladóttir, jarðfræðingur hjá Norræna eldfjallasetrinu, Jarðvísindadeild Háskóla Íslands. *Hvað leynist undir Kötlu?*

**Mánudaginn 28. mars 2011.** Dr. Haraldur Ólafsson, veðurfræðingur við Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands. *Staðbundið veður.*

Síðasta fræðsluerindi HÍN á vormisseri 2011 verður annað hvort mánudaginn 18. apríl eða mánudaginn 2. maí. Erindið verður auglýst síðar.

Minnt er á að félagið hefur endurheimt fundaraðstöðuna í **stofu 132 í Öskju**, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands að Sturlugötu 7. Erindin hefjast **kl. 17:15** nema annað sé tekið fram.